

Sameiginlegur stjórnarfundur SK og SN haldinn í Heiðarskóla 26. október 2009 kl. 20:30

Mættir SK: Guðmundur, Sigurbjörg, Falur, Ásta, Friðrik og Júlíus.

Mættir SN: Herdís, Elsie, Theodór, Helga, Lúðvík, Edda og Haraldur

Yfirþjálfari, Steindór, tók þátt í umræðum um liði 2 til 5

1.mál Hugmyndir fulltrúa sunddeildanna varðandi samstarf á vettvangi sundráðs

Í síðasta mánuði kallaði Hörður J. Oddfríðarson, formaður SSÍ, formenn og varaformenn SK og SN til fundar til að ræða um mögulega stofnun sundráðs í Reykjanesbæ, enda er það hlutverk SSÍ samkvæmt lögum þess að beita sér fyrir stofnun sundráða. Þessi hópur hefur hittst nokkrum sinnum og kastað á milli sín áhersluatriðum sem varða mögulegt samstarf SK og SN á grundvelli sundráðs. Formenn og varaformenn náðu samkomulagi um helstu áherslur sem hafa nú verið kynntar fyrir Jóhanni B. Magnússyni formanni ÍRB. Jóhann hefur tekið að sér að leiða þetta mál með það að markmiði að Sundráð ÍRB verði mögulega stofnað á ÍRB þingi 10. nóvember n.k.

Þau áhersluatriði sem hér um ræðir voru kynnt stjórnnum SK og SN á fundinum. Að því loknu fjallaði hvor stjórn fyrir sig um málið. Niðurstaðan var einróma viljayfirlýsing til samstarfs á þeim nótum sem tillagan felur í sér. Í stuttu máli fela þessar hugmyndir í sér að Sundráð ÍRB taki að sér stjórnun sundmála í Reykjanesbæ og taki yfir og starfræki sundþjálfun og skipuleggi sundkeppni allra iðkenda SK og SN frá 2ja ára aldri undir merkjum ÍRB.

Ákveðið að stjórnir SK og SN muni leggja til að stjórn væntanlegs sundráðs verði skipuð öllum þeim sem munu skipa stjórnir SK og SN á næsta ári. Ákveðið að funda a.m.k. einu sinni fyrir ÍRB þing og þá liggi sú nafnatillaga endanlega fyrir, sem og tillaga stjórnna SK og SN að því hver gegna muni embætti formanns sundráðs.

2. mál IM 25 undirbúningur

Ákveðið að baka kleinur líkt og venjulega til fjáröflunar, Helgu og Lilju falið að skipuleggja það með Lindu. Foreldrafundur verði n.k. mánudag, þar sem fólk verður fengið í fararstjórn, til matseldar og til að starfa á mótinu. Gist verður í Farfuglaheimilinu líkt og venjulega, frá fimmtudegi til sunnudags og að móti loknu farið á lokahóf. Edda ætlar að koma með tillögur að IM25 – bol.

3.mál Utanlandsferðir

Til stendur að fara með 600 stiga hópinn til Lyngby í janúar í nokkurra daga keppnisferð, reynt verður að ferðast og gista ódýrt til að halda kostnaði niðri.

Samkvæmt hefð er til skoðunar að fara í utanlandsferð um mánaðarmótin júlí – ágúst á næsta ári, ferðir sem þessar hafa verið annað hvort ár. Verið er að afla tilboða frá Úrvali Útsýn. Ákveðið að halda foreldrafund og leggja undir foreldra hvort við förum eða ekki, þar sem ástand fjármála heima er misjafnt um þessar mundir vegna ástandsins í þjóðfélaginu. Stjórnarmeðlimir beðnir um að velta fyrir sér hvort þeir hafi hug á að fara í ferð sem þessa sem fararstjórar, enda hafa þeir forgang yfir aðra til slíks.

4.mál World Cup

Soffía, Davíð og Jóna Helena náðu lágmarkum á World Cup, sem haldið verður í Svíþjóð um miðjan næsta mánuð. Markmið ferðarinnar er að búa til tröppu fyrir okkar framtíðar afrekssundmenn. SK mun styrkja þau til fararinnar að hluta og Steindór, sundmennirnir sjálfir og foreldrar þeirra munu fara í fjáraflanir, m.a. bingó og eins finna leiðir til að nota frímiða.

5.mál Önnur mál

Sundtímabilið hefur farið vel af stað og ÍRB sundmenn stóðu sig vel á móti í Hafnafirði um síðustu helgi.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl.21.45

Ritari: Guðmundur Jón Bjarnason